

Umsögn

Efni: Tillaga um könnun á umfangi útvistunar og áhrifum hennar á kjör launafólks
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram eftirfarandi tillögu á fundi borgarstjórnar 19. júní 2018 sem var vísað til borgarráðs til meðferðar:

Lagt er til að borgarstjórn láti framkvæma könnun á umfangi útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að.

Greinargerð:

Mótmæli lægst launaða fólksins í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, dró athygli borgarbúa að því hversu algeng verktakavinna og önnur útvistun var í störfum sem áður voru unnin af fólki í fastri vinnu og með full réttindi launafólks. Þetta gefur tilefni til viðtækrar könnunar á umfangi slíkra verktakasamninga og annarri útvistun á vegum borgarinnar og stofnunar og fyrirtækjum sem hún tengist. Undanfarin ár hafa einkafyrirtæki nýtt sér starfsmannaleigur og verktakasamninga til að skerða rétt launafólks, færa það frá þeim réttindum sem hinn hefðbundni vinnumarkaður tryggir og út í óvissu tímabundinna verktakasamninga. Þessi tilhögun hefur líka brotið upp starfsmannahópa, sem skiptast nú orðið oft á tíðum í betur launað fólk sem er fastráðið og lægra launað fólk sem ekki er ráðið til þess fyrirtækis eða stofnunar þar sem það sinnir verkefnum heldur vinnur ýmist hjá sjálfu sér eða hjá óskyldu fyrirtæki. Þetta hefur haft mikil áhrif á vinnustaði, búið þar til stéttaskiptingu og gert verst launaða fólkið enn verr sett á vinnustað en það áður var. Lagt er til að gerð verði könnun á öllum vinnustöðum á vegum borgarinnar og umfang verktöku, starfsmannaleigu og útvistunar mæld og starfsfólki gefinn kostur á að tjá sig um þróun undanfarinna ára.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er metnaðarfull og krefst afar umfangsmikillar rannsóknarvinnu. Ekki er hefð fyrir því að fara í slíka rannsóknarvinnu á vegum borgarinnar. Tillögunni er því vísað til Borgarráðs í þeim tilgangi að kanna hvernig mögulegt er að ná fram réttum upplýsingum innan úr kerfinu svo hægt sé að ná niðurstöðu sem fangar anda tillögunnar.

Fjármálaskrifstofu hefur verið falið að veita umsögn um málið.

Reykjavíkurborg veitir mjög margbreytilega þjónustu og er einn stærsti vinnustaður landsins. Stór hluti af þjónustu borgarinnar er lögbundinn, t.d. grunnskólar og velferðarþjónusta. Megin reglan er sú að ráða eigin starfsmenn til borgarinnar til að annast lögbundna þjónustu. Lögbundin þjónusta er ekki útboðsskyld. Þrátt fyrir það gerir borgin samninga um viðtæk þjónustukaup við einkaaðila sem gefa t.d. reykvískum börnum tækifæri að sækja einkarekna grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Í flestum tilvikum njóta starfsmenn sömu kjarasamninga og starfsmenn Reykjavíkurborgar og dæmi eru um yfirborganir hjá einkaaðilum sem ekki tíðkast hjá borginni.



Reykjavíkurborg hefur boðið út ýmsa þjónustu sem ekki er lögbundin þjónusta. Dæmi um það er þjónusta aðila á sviði upplýsingatækni, s.s. hýsing og rekstur á mannauðs- og launakerfi borgarinnar, hýsing og rekstur á vakta- og viðverukerfi borgarinnar og önnur tilfallandi verkefni á sama sviði. Ekki er tilefni til að ætla að þessi fyrirtæki greiði sínum starfsmönnum undir taxa kjarasamninga heldur miklu fremur hið gagnstæða. Þá eru þjónustukaup frá ýmsum aðilum vegna hönnunar, skipulags, verkeftirlits, verkfræðiráðgjafar, lögfræðiráðgjafar, hagræðgjafar o.fl. Sama gildir hér að ekki er tilefni til að ætla annað en að þessir þjónustuaðilar greiði sínu starfsfólki almennt umfram taxa kjarasamninga.

Með vaxandi ferðamannastraumi til Íslands hefur þróunin orðið sú að erfitt er að fá starfsfólk í ákveðin störf og opinber aðili eins og Reykjavíkurborg er ekki í stakk búin til að bjóða sambærileg launakjör og aðilar á einkamarkaði. Hér er m.a. um að ræða störf í ræstingum, mötuneytum og akstursþjónustu. Í öllum þessum atvinnugreinum hefur verið skortur á starfsfólki sem hefur jafnvel komið niður á þjónustustigi hjá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hefur því boðið út verkefni á þessu sviði þar sem settar eru fram ítarlegar kröfur um fjárhag fyrirtækis, skil á opinberum gjöldum, þjónustugæði, umhverfiskröfur og aðrar tæknilegar kröfur. Sama kann að gilda um byggingarstarfsemi, gerð gatna og annarra samgöngumannvirkja. Af þessu tilefni samþykkti innkauparáð Reykjavíkurborgar 29. apríl 2016 reglur um *keðjuábyrgð* sem skuldbinda verktaka til að tryggja fólki lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum. Bjóðendur í verk hjá Reykjavíkurborg hafa þurft frá árinu 2016 að undirrita eftirfarandi yfirlýsingu:

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Allir bjóðendur þurfa að staðfesta og undirrita yfirlýsingu þessa og skila með tilboði sínu.

Ábyrgð á eftirliti eins og önnur samningsstjórnun er ávallt hjá viðkomandi kaupanda sem er eigandi samningsins.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur eftirlit með verkframkvæmdum og er ýmist um eigin starfsmenn og/eða aðkeypta þjónustu að ræða. Eftirlitsmönnum er m.a. falið að fylgjast með hvort þeir sjái eitthvað sem þarfnast nánari athugunar og er ráðgert að ef ástæða er til þá sé haft samband við verkalýðsfélag, vinnueftirlit eða lögreglu. USK hefur sótt námskeið um hvernig þekkja má merki um mansal, námskeiðið var á vegum lögreglu.

Samningar sem boðnir hafa verið út vegna ræstingaþjónustu eru allir á ábyrgð viðkomandi kaupanda og eftirlit með samningunum hjá kaupendum. Ræstingaþjónusta er boðin út hjá ýmsum sviðum og skrifstofum Reykjavíkurborgar og mikilvægt að þeir aðilar sem sinna eftirliti með samningum á hverjum starfsstað fái fræðslu um hvernig hægt er að þekkja merki um mansal. Reykjavíkurborg fylgist með launakjörum og réttindum starfsfólks þegar ræstingu hefur verið útvistað og við höfum engin dæmi um að verið sé að fara illa með fólk eða brjóta samninga heldur þvert á móti. Það er líka reynt að láta verktaka falla sem mest í hópinn og býðst verktökum og starfsmönnum þeirra s.s. ræstingafólki að



borða í mötuneytum borgarinnar (á sinn kostnað) svo eitthvað sé nefnt. Svipaða sögu er að segja þegar borgin hefur boðið út mötuneytisþjónustu, þá hefur starfsfólki okkar verið boðin störf hjá verkkaupa og launakjörin sem þeim hafa boðist hafa yfirleitt verið betri en hjá borginni.

Reykjavíkurborg býður út vörur, verk og þjónustu í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkur og semur við lögaðila en ekki einstaklinga um slík verkefni.

Innkaupadeild kallar eftir gögnum sem óskað er eftir í útboðsskilmálum sem staðfesta kröfur útboðsgagna varðandi upplýsingar um fjárhagslegt hæfi og tæknilegt hæfi en hefur ekki aðkomu að eftirliti sem tengist keðjuábyrgð eftir að samningur hefur komist á.

Öll útboðsgögn kveða á um að væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

Fyrirtæki í meirihlutaeigu borgarinnar

Orkuveita Reykjavíkur: Almennt er stefna OR að vera ekki með verktaka eða útivistun í kjarnastarsemi sinna nema til að mæta álagstímum eða átaksverkefnum. OR er með verktaka sem vinna við iðnaðar- og ræstingarstörf til að annað hvort mæta sérstökum álagstímum eða sem vinna sérhæfð störf sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi OR enda er það stefna okkar að vera ekki með sveiflur í starfsmannafjölda eftir hagsveiflu samfélagsins.

Faxaflóahafnir: Félagið er ekki með verktakasamninga við starfsfólk sem starfar fyrir fyrirtækið og hafa aldrei nýtt sér þjónustu starfsmannaleiga. Allir ráðnir starfsmenn fyrirtækisins vinna samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага. Félagið er með verksamning við ræstingarfyrirtæki vegna ræstingar í Hafnarhúsinu og verktakasamninga við öryggisfyrirtæki um hafnarvernd í Gömlu höfninni og Sundahöfn vegna komu skemmtiferðaskipa en tímabil þeirrar starfsemi er frá lokum maí til loka október ár hvert. Til ársins 2015 var í gildi samningur við öryggisfyrirtæki um hafnarvernd á Grundartanga, en fjórir starfsmenn sem því verkefni sinntu voru færðir til Faxaflóahafna sf. og vinna samkvæmt kjarasamningi við Verkalýðsfélag Akraness. Öryggisfyrirtæki leggur til starfsfólk í afleysingar á Grundartanga, en þá taka afleysingastarfsmenn sömu laun og starfsmenn Faxaflóahafna sf.

Félagsbústaðir: Félagið gerir hvorki verktakasamninga við launafólk né samninga við starfsmannaleigur en hefur í undantekningartilvikum nýtt sér þjónustu starfsmannaleigu við afmörkuð tímabundin verkefni, þ.e. útburði og búslóðaflutninga þegar starfsmenn eru í sumarfríum.

SORPA: Félagið nýtir engar starfsmannaleigur og hefur aldrei gert. Verktakagreiðslur eru einungis inntar af hendi til fyrirtækja sem unnið hafa útboð á vegum SORPU bs. eða iðnaðarmenn í smærri verkum sem stundum eru einyrkjar en þó oftast fyrirtæki með fáeina starfsmenn. Engir verktakasamningar eru við launafólk. Í nýrri útboðum SORPU eru settar fram sömu kröfur um keðjuábyrgð verktaka eins og gert er í samningum Reykjavíkurborgar.

Slökkvilið höfurðborgarsvæðisins: Hjá SHS starfa ríflega 180 manns í fullu starfi á vöktum og í dagvinnu á fjórum starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn á vöktum sinna slökkvistörfum og sjúkraflutningum, starfsmenn í dagvinnu eldvarnaeftirliti, ráðgjöf, viðhaldi, fjármálum, mannauðsmálum, tölvumálum og stjórnun. Allir þessir starfsmenn eru ráðnir launþegar SHS. Útivistun og verktaka starfa hjá SHS snýr að ræstingu, símsvörun og þjónustu í mötuneyti. Allar neðangreindar upphæðir eru án vsk. Ræsting: Verktakar sjá um daglega ræstingu á starfsstöðvum SHS samkvæmt samningum þar um. Annars vegar er um að ræða fyrirtækið Örtækni sem er í eigu Öryrkjabandalags



Íslands, en það sér um ræstingu slökkvistöðvanna í Skógarhlíð í Reykjavík og Skútahrauni í Hafnarfirði. Sex starfsmenn sinna þar ræstingum í hlutastarfi, í 3-4 tíma á morgnana. Samningurinn nefnir ekki kjör eða réttindi starfsmanna en Öryrkjabandalagið stendur vörð um réttindi fatlaðs fólks og því berum við fullt traust til þeirra hvað varðar kjör þeirra eigin starfsmanna. SHS greiðir Örtækni 1.430.574 kr./mán. fyrir þjónustuna og taka greiðslur hækkunum í samræmi við almennar launahækkanir. Hins vegar sér einstaklingur um ræstingar á slökkvistöðvunum á Tunguhálsi í Reykjavík og Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Sá aðili hefur sinnt því starfi í verktöku sl. 18 ár og sinnir því nú að meðaltali í um 8 klst./dag og fær fyrir það um 411 þús. kr./mán. Þessi verktaki er í VR og gætir sjálfur að eigin réttindum, í samningi við SHS eru þau ekki tilgreind. Verktakagreiðslurnar taka hækkunum í samræmi við kjarasamninga. Símsvörun fyrir SHS hefur verið útvistað sl. 15 ár, eða frá því að stofnað var félag um rekstur björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, Rekstrarfélag leigjenda. Rekstur þjónustuvers er liður í þeim samrekstri, en Slysavarnafélagið Landsbjörg er vinnuveitandi starfsmanna í þjónustuveri. Stöðugildi eru eitt og hálf og fyrir það greiðir rekstrarfélagið 885.280 kr./mán. Starfsmennirnir eru í VR og njóta kjarasamningsbundinna réttinda. Þjónusta í mötuneyti: Rekstrarfélag leigjenda í Skógarhlíð rekur mötuneyti fyrir starfsmenn fyrirtækja og stofnana björgunarmiðstöðvarinnar og þar starfar einn starfsmaður í hálfu starfi. Múlakaffi sér um þessa þjónustu í verktöku, viðkomandi starfsmaður er launþegi hjá þeim. Samningur rekstrarfélagsins við Múlakaffi kemur ekki inn á kjör eða réttindi starfsmannsins og við höfum ekki kynnt okkur þau. Mánaðarlegar greiðslur taka mið af neysluverðs-vísitölu og eru í dag 188.410 kr.

STRÆTÓ bs: Strætó gerir samninga um aðkeyptan akstur Strætó, aðkeyptan akstur vegna ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra og aðkeypta ræstingarþjónustu á grundvelli formlegra útboða.

	1.1-31.12.17	1.1.-30.6.18
Aðkeyptur akstur Strætó	2.184.775.130	1.297.689.885
Aðkeyptur akstur Ferðaþjónusta fatlaðra og aldraðra	1.515.676.233	808.282.006
Ræstingarkostnaður	18.874.468	11.042.638

Strætó hefur nýtt sér starfsmannaþjónustu við að útvega starfsfólk en allt starfsfólk sem vinnur hjá Strætó er beint með ráðningarsamning við fyrirtækið og tekur laun og réttindi skv. kjarasamning Strætó við starfsamannafélag Reykjavíkurborgar eða FIT.

Niðurstaða

Könnun fjármálaskrifstofu á framkvæmd útvistunar hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækjum í meirihlutaeigu borgarsjóðs leiðir fram að útvistun er fyrst fremst beitt við framkvæmdir s.s. byggingu fasteigna og samgöngumannvirkja þar sem verkefni eru boðin út. Í innkaupaferlum er almennt beitt ákvæðum um keðjuábyrgð. Útvistun er í fremur litlum mæli beitt í rekstri eins og umsögnin hér að ofan sýnir og það verður alls ekki séð að útvistun sé beitt hjá borgarsjóði eða fyrirtækjum í eigu borgarsjóðs sem tæki til að lækka kjör starfsmanna eða skerða réttindi þeirra. Könnunin nær ekki til fyrirtækja sem borgarsjóður er minnihluta eigandi að.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri